

# LYKILUPPLÝSINGAR FYRIR BLANDADA LEIÐ



Skjal þetta veitir lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

## Blönduð leið

Blönduð leið (kt: 511103-9160), séreignardeild Birtu lífeyrissjóðs (kt: 430269-0389)  
Sundagörðum 2, 104 Reykjavík. [www.birta.is](http://www.birta.is), 480-7000.

Birta lífeyrissjóður heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.  
Nánari upplýsingar er að finna á vef Birtu, [www.birta.is](http://www.birta.is). Einnig er hægt að hafa samband í síma 480-7000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið [birta@birta.is](mailto:birta@birta.is).

## Hvers konar afurð er þetta?

### Tegund

Um er að ræða lífeyrissparnað í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, séreignarsparnaðarleið sem ber heitið Blönduð leið. Sjóðfélagar í séreignarsjóði hafa heimild til að greiða allt að 4% af heildarlaunum sem iðgjald í séreignarsjóð til viðbótar við lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð. Sjóðfélagar í séreignarsjóði fá þá mótframlag frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar.

### Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið fjárfestingarleiðar er að ávaxta fjármuni sjóðfélaga með blönduðu safni verðbréfa og sjóða. Í blandaðri leið Birtu eru bæði skuldabréf og hlutabréf og gerir fjárfestingarstefnan ráð fyrir jöfnu hlutfalli (50/50) eignaflokkanna.

Blönduð leið hefur heimild til að fjárfesta m.a. í hlutabréfum og skuldabréfum, bæði skráðum og óskráðum, hlutdeildarskírteinum sjóða, innlánnum og öðrum fjármála- gningum. Heimild er að fjárfesta bæði í innlendum og erlendum verðbréfum. Hámarksfjárfesting í erlendum fjármálagerningum er 50% af eignum sjóðsins. Búast má við að þótt hlutabréfaeign safnsins sé dreifð, muni hún leiða til nokkurra sveiflna í ávöxtun frá einu tímabili til annars.

Blönduð leið hentar þeim sem vilja ávaxta séreignasparnað sinn til lengri tíma og þola sveiflur í ávöxtun, sem gera verður ráð fyrir að geti átt sér stað á sparnaðartímanum.

Nánari upplýsingar um gildandi fjárfestingarstefnu á hverjum tíma má finna á heimasíðu sjóðsins, [www.birta.is](http://www.birta.is)

## Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?



Áhættuvísirinn er leiðbeinandi um áhættustig leiðarinnar í samanburði við aðrar fjárfestingarleiðir. Hann sýnir jafnframt hversu líklegt er að fjárfestingarleiðin lækki í verði vegna breytinga á verði undirliggjandi eigna á markaði.



Blönduð leið Birtu fellur í áhættuflokk 3 en gengi undirliggjandi verðbréfa er háð markaðsaðstæðum og geta tekið breytingum á skömmum tíma. Áhætta leiðarinnar veitur bæði á ávöxtun undirliggjandi eigna og gjaldmiðla- áhættu vegna fjárfestingar í erlendum eignum. Í samræmi við það getur tapsáhætta og möguleikar til ávöxtunar verið töluverð.

Áhættuflokkunin byggir á sögulegum gögnum og þarf ekki að endurspeglar framtíðaráhættusnið fjárfestingarleiðarinnar. Ekki er hægt að ábyrgjast að áhættuflokkunin haldist óbreytt og kann hún að taka breytingum með tímanum. Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð og fjárfestir getur tapað allri fjárfestingu í fjárfestingarleiðinni. Fjárfestir ber ekki ábyrgð á neinum viðbótarskuldbindingum vegna fjárfestinga í fjárfestingarleiðinni. Áhætta getur verið meiri en í flokki 3 þegar afurð er ekki haldið á því fjárfestingartímabili sem mælt er með.

## Árangurssviðsmyndir

Taflan hér fyrir neðan sýnir hver eign þín í fjárfestingarleiðinni getur orðið miðað við mismunandi árangur. Settar eru fram fjórar mismunandi sviðsmyndir um ávöxtun og forsendurnar eru að fjárfest sé fyrir 100.000 krónur á ári í 1 ár, 3 ár og 5 ár, samanlögð upphæð sem fjárfest er fyrir er þá 1 ár 100.000 krónur, 3 ár 300.000 krónur og 5 ár 500.000 krónur.

Sviðsmyndirnar eiga að varpa ljósi á hver árangur fjárfestingarinnar getur verið, að teknu tilliti til kostnaðar. Sviðsmyndirnar eru settar fram sem mat á framtíðarárangri sem byggt er á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti fjárfestingarinnar getur breyst m.v. mismunandi forsendur en er ekki nákvæmur mælikvarði á framtíðarárangur. Staðgreiðsla er greidd við úttekt séreignarsparnaðar. Vegna þrepaskipts skattkerfis kjósa margir að taka ekki allan séreignarsparnað sinn út á einu ári.


Árleg fjárfesting kr. Sviðmyndir*	100.000	Fjárfestingartími - ár		
		1	3	5
Álagssviðsmynd	Möguleg eign að teknu tilliti til kostnaðar <i>Meðalávöxtun á ári</i>	67.808 -32,19%	238.684 -11,00%	383.139 -8,75%
Óhagstæð sviðsmynd	Möguleg eign að teknu tilliti til kostnaðar <i>Meðalávöxtun á ári</i>	101.944 1,94%	336.760 5,89%	617.354 7,11%
Hófleg sviðsmynd	Möguleg eign að teknu tilliti til kostnaðar <i>Meðalávöxtun á ári</i>	111.057 11,06%	372.600 11,23%	696.662 11,27%
Hagstæð sviðsmynd	Möguleg eign að teknu tilliti til kostnaðar <i>Meðalávöxtun á ári</i>	120.759 20,76%	412.368 16,77%	787.413 15,54%

\*Sviðsmyndir eru reiknaðar samkvæmt leiðbeiningum frá Evrópska verðbréfa- og markaðseftirlitinu (e. ESMA) og byggir á staðalfrávikum í daglegum sveiflum á ávöxtun fjárfestingarleiðar síðustu 5 ára.

## Fyrri árangur

Á myndinni sést hver nafnávöxtun Blandaðrar leiðar Birtu hefur verið undanfarin 5 ár. Ávöxtun leiðarinnar er breytileg eftir tímabilum og því getur tímasetning kaupa eða sölu sjóðsfélaga haft áhrif á ávöxtun á eignarhaldstímanum. Gjaldmiðill leiðarinnar er bæði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli, ávöxtunin sem sýnd er hér er nafnávöxtun að frádregnum kostnaði sem fellur til á hverjum tíma. Nauðsynlegt er að hafa í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð og gengi leiðarinnar getur bæði hækkað og lækkað á eignarhaldstímanum.

Nafnávöxtun - Blönduð leið



## Hvað gerist ef Blönduð leið Birtu getur ekki greitt út?

Blönduð leið Birtu fellur ekki undir ábyrgðarkerfi fjárfesta skv. íslenskum lögum.

## Hver er kostnaðurinn?

Gjöldin sem greidd eru fyrir rekstur fjárfestingarleiðarinnar eru innheimt mánaðarlega og er dregið frá gengi sjóðsins. Það er fast hlutfall sem greiðir fyrir allan kostnað við eignastýringu, rekstur, utanumhald, uppgjör og fjárfestingagjöld.

- Enginn upphafskostnaður eða hlutfall af iðgjöldum fer í kostnað
- Engin kostnaður er ef flutningur er á milli sparnaðarleiða hjá Birtu lífeyrissjóði
- Engin sölulaun
- Fjárfestingagjöld og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er dreginn frá gengi sjóðsins mánaðarlega svo engin aukagjöld falla á afurðina

Kostnaður yfir tíma	100.000 Árleg fjárfesting kr. Umsýslukostnaður	Fjárfestingartími - ár		
		1	3	5
Hófleg sviðsmynd	<i>Meðalávöxtun á ári</i>	11,06%	11,23%	11,27%
	Möguleg eign að teknu tilliti til kostnaðar	111.057	372.600	696.662
	<b>Heildarkostnaður kr.</b>	<b>-300</b>	<b>-2.085</b>	<b>-6.057</b>
* á ársgrundvelli				

Ofangreind tafla sýnir hver kostnaðurinn við fjárfestinguna getur verið miðað við hóflega sviðsmynd og mismunandi eignarhaldstíma. Vænt meðalávöxtun á ári er ávöxtun að teknu tilliti til kostnaðar og heildarkostnaðurinn sýnir hver reiknaður heildarkostnaður er m.v. umsýsluþóknun leiðarinnar.

**Gjöld sem falla til við rekstur og utanumhald við sparnaðarleiðina, þessi gjöld koma fram í töflunni hér fyrir neðan.**

Einskiptiskostnaður	Inngöngukostnaður	0,00%	Kostnaður sem þú greiðir við upphaf fjárfestingarinnar.
	Útgöngukostnaður	0,00%	Kostnaður sem þú greiðir við að innleysa fjárfestinguna.
Viðvarandi kostnaður	Annar viðvarandi kostnaður	0,30%	Kostnaður sem innheimtur er mánaðarlega fyrir eignastýringu, rekstur, utanumhald, uppgjör og að kaupa og selja undirliggjandi eignir.
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknarir	0,00%	Árangurstengd þóknun.

## Ráðlagður fjárfestingartími og úttekt sparnaðar

Það er ekki gerð krafa um lágmarksfjárfestingartíma en mælt er með 5 ára fjárfestingartímabili.

## Útgreiðslur

Almennur séreignasparnaður er laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri, að því gefnu að a.m.k. tvö ár séu liðin frá fyrstu innborgun. Einnig er hægt að sækja um útgreiðslu séreignar vegna örorku eða fráfalls eiganda séreignarsparnaðarinnar. Í boði er að nýta séreignarsparnað til lækunar á höfuðstól fasteignalána eða við kaup á fyrstu fasteign í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

Tilgreind séreign er laus til útborgunar við 62 ára aldur og greiðslum skal þá dreifa að lágmarki til 5 ára. Einnig er hægt að sækja um útgreiðslu tilgreindu séreignarinnar vegna örorku eða fráfalls eiganda og gilda þá sömu reglur um útgreiðslu og eiga við um hefðbundinn séreignarsparnað.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sjóðsins, [www.birta.is](http://www.birta.is).

## Uppsögn

Heimilt er að segja upp samningi með tveggja mánaða fyrirvara með tilkynningu til sjóðsins. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu. Óski réttihafi þess er heimilt að gera samning um flutning innstæðu eftir uppsögn til aðila, sem heild hefur skv. lögum nr. 129/1997 til að taka við séreignarsparnaði og gera samning þar um. Birta lífeyrissjóður hefur ekki heimild til að segja upp samningi gagnvart sjóðfélögum.

## Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun í gegnum síma 480-7000, í afgreiðslu sjóðsins að Sundagörðum 2, 104 Reykjavík eða senda tölvupóst á netfangið [birta@birta.is](mailto:birta@birta.is).

## Aðrar upplýsingar sem skipta máli


Frekar upplýsingar um séreignarsparnað Birtu er að finna á heimasíðu sjóðsins, [www.birta.is](http://www.birta.is). Þar má m.a. finna fjárfestingarstefnu sjóðsins, ársreikning og reiknivél séreignar Birtu. Engin lágmarksfjárfesting er í sjóðnum.

## Sparnaðarleiðir sem eru í boði hjá Birtu lífeyrissjóði

Birta lífeyrissjóður býður þrjár sparnaðarleiðir. Við val sparnaðarleiðar er skynsamlegt að taka mið af aldri, eignastöðu og viðhorfi til áhættu.


### Blönduð leið

Eignir samanstanda af skuldabréfum og hlutabréfum. Blandaða leiðin hentar einkum þeim sem vilja ávaxta til lengri tíma og þola sveiflur í ávöxtun.



### Skuldabréfaleið

Eignir eru nánast eingöngu skuldabréf auk lítils hluta í innlánnum. Skuldabréfaleið hentar einkum þeim sem vilja forðast sveiflukennða ávöxtun séreignarsparnaðar og þeim sem eru komnir á seinni hluta starfsævinnar.



### Innlánsleið

Ávöxtun er háð kjörum á innlánnum á hverjum tíma og er stærstur hluti eigna verðtryggð, bundin innlán. Innlánsleið hentar þeim sem eru að nálgast eftirlaunaaldur eða eru farnir að nýta séreign sína til útgreiðslu.

